

gat komist þar í gegnum. Við vorum að lunderni ólíkir; eg held að lyndiseinkunnir okkar hafi verið í eins nánu sambandi við vaxtarlag hvors okkar fyrir sig, eins og unnt var, að gæti verið. Herra Peacock var gæddur þeirri gáfu, að vera frábær hermi-kráka. Hann náði svo líkum rómi manna og dýra, að naumast var hægt að greina það frá hinni ekta raust, en allra bezt tókst honum þó að herma eftir hratninum. Herra Peacock var í all-góðum efnum og hafði dágóða atvinnu. Hann var ritstjóri blaðsins „To Let“, sem gefið var út af félagi nokkru í „Clay Creek“ þorpinu. Reyndar hafði nú aldrei borið á neinum sér-stökum ritstjóraháfileikum hjá honum, en gárungarnir sögðu að hann hefði smeygt sér inn á milli forstöðumanna félagsins, því hann væri svo þunnur; en aðrir sögðu, að forstöðumennirnir hefðu ráðið hann fyrir ritstjóra einmitt vegna þess, hversu hann var þunnur; og enn aðrir sögðu, að ritstjórastöðu sína ætti hann því að þakka, hversu vel hann gæti krunkað. En hver svo sem orsökinn var, þá var hann um þessar mundir ritstjóri að blaðinu „To Let“.

Næsti dagur eftir, að eg kom til „Clay Creek Village“, var sunnudagur, og spurði herra Peacock mig, hvert eg vildi ekki koma með sér í kyrkju. Hann kvaðst æfinlega ganga í kyrkju á hverjum sunnudegi. Satt að segja, þá er eg ekki mjög kyrkju-rækin maður, en í þetta skifti langaði mig til kyrkju. Eg hafði oft heyrt getið um, hversu frábær ræðuskörungur séra Sleet Fromwest, presturinn í „Clay Creek Village“, væri. Eg fór því í kyrkju með herra Peacock. Séra Sleet (þorpsbúar höfðu þann vana, að nefna prest sinn að eins með fyrra nafni) hafði verið framúrskarandi fjörmaður og ákaflyndur á yngri árum sínum, þótti hann þá vera frekar harðsnúinn í ræðum og ritum gagnvart mótstöðumönnum sínum, og sögðu menn, að dæmi hefðu verið til þess, að sumir af þeim hefðu ekki séð annað ráð vænna, en labba heim, háttu upp í rúm, sofna og vakna ekki framar. Hann hafði verið frjálsslyndur og íramfaramaður mikill. Einu sinni hafði hann starfað að vatnsveitingum. Í sveit þeirri, er hann ólst upp í, var þannig háttað, að mikið var af sléttu harðvelli, sem ekki óx svo mikið gras á, að notast mætti sem engi, utan þegar sérstakar rigningar áttu sér stað. Tjarnir og flóðkilar voru það-